

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 1088/2005 um reikningskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

1. gr.

2. gr. orðast svo: Framlag í ríkissjóð, sbr. 34. gr. laga nr. 36/2001, skal reikna af hagnaði ársins samkvæmt rekstrarreikningi Seðlabanka Íslands og félaga í eigu bankans, (samstæðureiknings) að frádregnum óinnleystum reiknuðum tekjum og gjöldum. Óinnleystar reiknaðar tekjur í þessu sambandi eru reiknaðar tekjur og gjöld vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar og óinnleystar reiknaðar tekjur og gjöld vegna matsbreytinga á verðbréfum í gjaldeyrisforða og gulli.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 12. mars 2013.*

**Katrín Júlíusdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*